

Sp. 819. Tillaga til þingsályktunar [311. mál]

um sölu jarðarinnar Gufuskála.

Flm.: Alexander Stefánsson, Davíð Aðalsteinsson, Jósef H. Þorgeirsson,
Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um sölu jarðarinnar Gufuskála í Neshreppi utan Ennis ellegar gera ráðstafanir til að ákvæði sama efnis verði tekið upp í frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1983.

Greinargerð.

Jörðin Gufuskálar í Neshreppi utan Ennis, alls tæpir 3500 ha, var tekin eignarnámi að hluta til árið 1952 vegna flugvallargerðar á svokölluðum Gufuskálamóðum, en síðan að öllu leyti árið 1955 með heimild í fjarskiptalögum vegna byggingar og rekstrar fjarskiptavirkis vegna aðildar landsins að Atlantshafsbandalaginu.

Flugvöllur er löngu lagður niður á Gufuskálamóðum og ljóst er að eigi er þörf nema lítils hluta jarðarinnar vegna lóranstöðvarinnar.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur lengi verið þeirrar skoðunar, að þörf sé að hreppurinn eignist land þetta, en erindið ekki náð fram að ganga.

Með hliðsjón af takmörkuðum notum ríkisins af landi þessu er þingsályktunartillaga þessi flutt.